

Leiðréttum misréttið!



1. þing Starfsgreinasambands Íslands

Starfsgreinasamband Íslands

Ályktun um húsaleigumarkað

Þing Starfsgreinasambands Íslands 3.-5. október 2007, skorar á ríkisstjórnina og sveitarfélög að bregðast við vaxandi erfiðleikum þeirra sem ekki geta eignast eigið húsnæði og verða af þeim sökum að sæta kjörum sem leigjendur á húsnæðismarkaði. Húsaleigubætur hafa staðið í stað og verða að hækka, en þær hafa hvergi nærri fylgt verðlagi á leigumarkaði. Ríki og sveitarfélögum ber bæði lagaleg og siðferðileg skylda til að koma til móts við þarfir fólks varðandi grundvallar hagsmunamál allra fjölskyldna og einstaklinga. Þingið minnir á að Starfsgreinasamband Íslands hafi áður varað við afleiðingum þess að leggja af félagslega húsnæðiskerfið.

Greinargerð:

Fréttir af okurleigu og fólki í brýnum vanda er dapurleg staðreynd sem ekki ætti að líðast í íslenska nútímasamfélaginu. Efnalítið fólk hrekst úr leiguíbúðum og verður að leita á náðir skyldmenna og kunningja til að hafa þak yfir höfuðið, því ástandi verður að linna.